

## FW: Fréttir af breyttum opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi

**Til** : Halldóra L. Þorvaldsdóttir <Halldora.Thorvaldsdottir@borgarbyggd.is>; Lilja B. Ágústsdóttir <lilja.agustsdottir@borgarbyggd.is>; Guðveig Eyglóardóttir <gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is>; Magnús Snorrason <magnus.snorrason@borgarbyggd.is>; Davíð Sigurðsson <David.Sigurdsson@borgarbyggd.is>

**Frá** : Elín Kristjánsdóttir <elin@menntaborg.is>

**CC** : Borgarbyggð sveitarstjóri <sveitarstjori@borgarbyggd.is>; Hlöðver Gunnarsson <hlodver.gunnarsson@borgarbyggd.is>

**Heiti** : FW: Fréttir af breyttum opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi

**Málsnúmer** : 2104194

**Málsaðili** : Borgarbyggð

**Skráð dags** : 24.03.2022 14:23:12

**Höfundur** : Elín Kristjánsdóttir <elin@menntaborg.is>

**Viðhengi** image001.png [image001.png](#)

Kæra byggðarráð

Neðangreindan póst sendi ég til sveitarstjóra 21. október 2021 til að afla fréttu af þeirri vinnu sem hafði þá verið í gangi (og er vonandi enn) varðandi breyttan opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi. Ekki lágu fyrir á þeim tíma neinar nýjar upplýsingar og því sendi ég þessa fyrirspurn mína aftur og nú til byggðarráðs til að óska eftir fréttum af málinu og set ég hér að neðan tilvísun úr fundargerð byggðarráðs frá 563. fundi 25. maí 2021:

„ Umræða um opnunartíma í sundlaugum Borgarbyggðar í sumar.

*Á 560. fundi byggðarráðs sem haldinn var 29. apríl sl. var ákveðið að stytta opnunartíma sundlaugarinnar í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi þannig að sundlaugin opni kl. 6:30 í stað 6:00.*

*Sveitarfélaginu bárust athugasemdir vegna þessa frá íbúum. Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs funduðu þann 17. maí með þeim einstaklingum sem mest hafa nýtt sér morgunopnun sundlauganna.*

*Byggðarráð hefur fullan skilning á aðstæðum og athugasemdum frá þessum hópi íbúa og vegna athugasemdana er stefnt að því að endurskoða opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi í tengslum við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2022 og jafnframt þegar endanleg útfærsla á styttingu vinnuviku fyrir vaktavinnufólk verður ljós.*

Óska ég hér með eftir frekari upplýsingum um stöðu þessa máls og að sjálf sögðu vona ég að þessar breytingar

verið færðar til baka.

Með vinsemd og virðingu

Elín Kristjánsdóttir, sundgarpur

---

**From:** Borgarbyggð sveitarstjóri  
**Date:** Wednesday, 27 October 2021 at 09:41  
**To:** Elín Kristjánsdóttir , Hlöðver I. Gunnarsson  
**Subject:** RE: Fréttir af breyttum opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi

Sæl Elín,

Takk fyrir ábendinguna, þetta er einn af þeim þáttum sem er verið að meta í rekstri sveitarfélagsins á þessum tíma og því ekki ljóst hvort hægt verði að gera breytingar þar á.

**Bestu kveðjur / Best regards**



Pórdís Sif Sigurðardóttir  
sveitarstjóri Borgarbyggðar

---

**From:** Elín Kristjánsdóttir  
**Sent:** 21. október 2021 13:32  
**To:** Borgarbyggð sveitarstjóri ; Hlöðver I. Gunnarsson  
**Subject:** Fréttir af breyttum opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi

Góðan dag

Mig langar að forvitnast um hvort eitthvað sé nýtt að fréttu varðandi opnunartíma Sundlaugarinnar í Borgarnesi? Á 563. fundi Byggðaráðs frá 25. maí 2021 kemur eftirfarandi fram:

„ Umræða um opnunartíma í sundlaugum Borgarbyggðar í sumar.

Á 560. fundi byggðarráðs sem haldinn var 29. apríl sl. var ákveðið að stytta opnunartíma sundlaugarinnar í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi þannig að sundlaugin opni kl. 6:30 í stað 6:00.

Sveitarfélaginu bárust athugasemdir vegna þessa frá íbúum. Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs funduðu þann 17. maí með þeim einstaklingum sem mest hafa nýtt sér morgunopnun sundlauganna.

*Byggðarráð hefur fullan skilning á aðstæðum og athugasemdum frá þessum hópi íbúa og vegna athugasemdanna er stefnt að því að endurskoða opnunartíma sundlaugarinnar í Borgarnesi í tengslum við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2022 og jafnframt þegar endanleg útfærsla á styttingu vinnuviku fyrir vaktavinnufólk verður ljós.*

Fram kemur í nýjustu dagbók sveitarstjóra að fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins sé í fullum gangi og verður fjárhagsáæltun 2022 vísað af byggðarráðsfundi til fyrri umræðu í sveitarstjórn Borgarbyggðar í lok október. Mig langar því að spyrja hvar þetta tiltekna mál sé statt í þeirri vinnu?

Ég er ennþá þeirrar skoðunar að þessi gjörningur, að stytta opnunartímann, sé afar slæmur og ekkert annað en þjónustuskerðing við íbúa sveitarfélagsins sem stunda sund og verst þykir mér að þetta sé gert til að mæta styttingu vinnuvikunnar hjá ákveðnum hópi, það er allt svo skakkt við það! Ég tel mig einnig vera að tala fyrir hönd þeirra íbúa sem mótmæltu þessari breytingu í vor s.l. og bind ég miklar vonir við að þessu verði breytt á nýju ári og opnunartíminn verði færður í fyrra horf.

Með vinsemd og virðingu

Elín Kristjánsdóttir

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.